

JÓNAS HALLGRÍMSSON OG MENN HONUM LÍKIR

I

Það var þjóðarógæfa, þegar íslenskur maður í Kaupmannahöfn, sem var á leiðinni upp í hið fátæklega herbergi sitt, eina nótt seint í maímánuði 1845, datt svo í stiga og meiddist, að hann beið bana af nokkrum dögum síðar. Ég hygg, að þessi maður, Jónas Hallgrímsson, sem svo slysalega lét líf sitt, hafi verið í tölu mestu snillinga 19. aldarinnar. En það var margt ömurlegt um ævi Jónasar, margt sem var því til fyrirstöðu, að hans gæti notið við eins og þurft hefði. Hugsum oss það eitt, að honum skyldi ekki veitast þessi ósk sín, að verða kennari í náttúrusögu og landafræði í Latínu-skólanum í Reykjavík. Hugsum oss, að hver stúdent frá þeim skóla í svo sem 30 ár hefði notið tilsagnar þessa mikla snillings — og Jóns Sigurðssonar, sem einnig, um tíma, voru horfur á að mundi starfa við þann skóla. Það er ekki vafi á því, að íslensk menning væri nú með öðrum og betri brag en er, ef slíkra afbragðsmanna hefði notið við til að mennta íslenskan æskulýð, þó að ekki hefði verið nema 2—3 áratugi.

Jónas Hallgrímsson var á 25. ári þegar hann sigldi til lagánáms í Khöfn; en þeir frændurnir Sveinn Sölvason og Bjarni Thorarensen höfðu þar lokið lagaprófi 19 ára gamlir. Það var mikill skaði, að svo mörg ár svo skammrar og svo óvanalega dýrmætrar ævi skyldu tapast frá námi og starfi að því, sem átti að verða æviverkið. Og svo þegar að náttúrufræðináminu kom, þá var kennslan mjög ófullkomin. Á þessum árum, sem Jónas var við háskólann, og árin næstu þar áður, gerðust stórtíðindi í sögu jarðfræðinnar, þeirra vísinda sem Jónas sérstaklega lagði fyrir sig. Jarðfræði Lyells, sem rétti-

lega hefir nefnd verið ein af hinum miklu bókum mannkynsins: „One of the great books of mankind“, kom út 1830—33, og var undireins snúið á þýsku. Það er auðséð á ritgerð Jónasar „Um eðli og uppruna jarðarinnar“, að honum hefir verið verk Lyells algerlega ókunnugt. Hann fer í ritgerðinni eftir kenningum Cuviers, sem var mikill dýrafræðingur, en gat varla jarðfræðingur kallast. Jónas var slíkur afbragðsmaður að viti, að hann mundi, ef hann hefði lesið „Principles of Geology“, fljótt hafa fundið að það var Lyell en ekki Cuvier, sem í jarðfræðiefnum var meistarinn og hinn mikli leiðtogi. Og svo annað, sem snerti rannsóknir Jónasar á Íslandi jafnvel ennþá meir. Á þessum árum hófst þekkingin á þessum svo afarþýðingarmikla kafla jarðsögunnar, sem menn nefndu fyrst ísöldina, en einn af ágætustu frömuðum þessa hluta jarðfræðinnar, Albrecht Penck, nefndi síðan ísaldatímabilið (Eiszeitalter), er það hafði verið leitt í ljós, að ekki var um eina jökulöld að ræða, heldur fleiri. Hófst þetta þannig, að svissnesku náttúrufræðingarnir Venetz, Agassiz og Carpentier komust að þeirri niðurstöðu, að jöklar Alpafjallanna hefðu áður verið miklu stærri, og jafnvel svo, að allt landið yfir að Júrafjöllum hefði verið jökli hulið. Og ekki einungis það. Þýskur skólakennari, sem hét Bernhardi, og óhætt er að telja með mestu gáfumönnum 19. aldarinnar, skildi, að miklar jarðmyndanir á Norður-Þýskalandi, sem menn höfðu sett í samband við Nóaflóð, eru raunar menjar þess, að þarna hefir legið jökull yfir, líkt og er í nánd við heimskautin nú. Bernhardi uppötvaði ísöldina, og var raunar heldur á undan hinum svissnesku mönnum. Setti hann nú saman allanga ritgerð um þessar rannsóknir sínar og tókst að fá hana prentaða í vísindalegu tímariti. — Þetta var árið 1832, sama árið sem Jónas kom til Hafnar. — En þar með var ekki sigur unninn. Ritgerð Bernhardís var enginn gaumur gefinn. Einhverju sinni er ég var staddur í bókasafni þar sem öll hin mörgu bindi af þessu tímariti voru til, skoðaði ég ritgerð Bernhardís, og þarnæst marga síðari árganga þessa tímarits sem hafði flutt hana. Hvergi var einu orði á Bernhardí minnst

eða hina miklu uppgötvun hans, og menn héldu áfram að rita um syndaflóðsjarðmyndanir, eða a. m. k. flóðmyndanir, án þess að gefa því minnsta gaum, að hinn mjög svo þýðingarmikli sannleikur í þessum efnum, hafði þegar verið leiddur í ljós. Og Bernhardí er úr sögunni. Þessum brautryðjandi náttúrufræðingi reyndist ókleift að halda áfram rannsóknum sínum, og hann var svo lítið kunnur, að ekkert er vitað um ævi hans, eftir að honum hafði þó tekist að koma frásögninni af hinum stórmerkilegu rannsóknum sínum fyrir augu jarðfræðinganna.

II

Ég tel víst, að Jónas hafi aldrei séð þessa ritgerð Bernhardís, né heldur það sem áður nefndir svissneskir jarðfræðingar rituðu um rannsóknir sínar. Og Jónas kom aldrei til Þýskalands. Nú eru það að vísu ekki aðrir en tiltakanlegir afburðamenn að viti og drengskap, sem verða fyrstir til að uppgötva, að mjög merkilegar uppgötvanir hafa verið gerðar. En ég hygg nú einmitt, að Jónas Hallgrímsson mundi hafa reynst slíkur maður, ef ástæður hans til að menntast og ferðast hefðu verið nokkru ríflegri. Og ekki mundi þá hafa farið svo, að hann lauk rannsóknum sínum án þess að sjá, að hér á landi hafði ísöld verið. Urðu svo útlendingar, sem hingað komu, fyrstir til að þekkja ísaldarmenjarnar, eða réttara sagt, ofurlítið af þeim. Því að meir en 9/10 hlutar ísaldartímabilsins hér á landi voru algerlega ókunnir þangað til um aldamótin síðustu. Allir sem nokkuð fengust við að rannsaka jarðfræði Íslands — og þeirra á meðal voru sumir hinir fremstu ísaldarfræðingar — höfðu að vísu hinar eldri ísaldarmenjar fyrir augunum, en enginn þekkti þær, af því að þessar jarðmyndanir hér á Íslandi eru allmikið frábrugðnar því sem er í þeim löndum, sem þeir höfðu rannsakað. Einnig Þorvaldur Thoroddsen, sem ófað var mikilhæfur jarðfræðingur, horfði á þessar eldri jöklamyndanir í 17 ár, án þess að skilja nokkuð í þeim. Svo erfitt getur það verið að sjá og skilja, það sem menn alls ekki búast við að finna. Og hefir raunar þessum stórefirtektarverða, og

eins og komast mætti að orði, íslenskasta þætti í jarðfræði Íslands, jafnvel ennþá hvergi nærri verið sá gaumur gefinn sem skyldi. En vonandi verður úr þessu bætt að allverulegu leyti áður kemur út hin fyrirhugaða mikla Íslandslýsing.

III

Ömurlegt var það, að Jónasi Hallgrímssyni skyldi ekki þess auðið verða að fara slíka för suður um lönd, sem Tómas fór Sæmundsson (og mundi þó, þrátt fyrir sinn mikla dugnað, tæpast hafa farið, ef hann hefði ekki átt efnaða að, föður og tengdaföður). Menn reyni að hugsa sér, hvernig ferðasögu hinn ljómandi orðsnillingur og glöggskyggni náttúrufræðingur mundi hafa skrifað. Eða hefði hann átt þess kost að fara kringum jörðina, eins og samtíðarmaður hans nokkru eldri, Adelbert v. Chamisso, sem var Jónasi svo líkur, þar sem hann var framúrskarandi bæði sem náttúrufræðingur og skáld. Ég efast ekki um, að Jónas hefði áunnið sér heimsnafn eins og Chamisso, hefði hann farið slíka för, því að ég held, að hann hafi heldur verið meiri hæfileikamaður en minni. Svo var einnig sá munur á þessara manna kosti, að Chamisso kvæntist. Og hvernig hjónabandið var má sjá á kvæðum hans. Eigi maður og kona að ná fullum þroska, og gera það sem þau geta gert best, þá verða þau að njóta hvort annars að. Erst Mann und Weib machen den Menschen aus, sagði spekingurinn Kant: Það er ekki maður, fyrr en karlmaður er og kvenmaður. Hin fullkomna samstilling (Harmoni) karls og konu er það takmark, sem stefna ber að, ef mannkynið á að geta hafist til æðra kyns og tekið slíkan þátt í heimssmíðinni, sem því er ætlað. Og er þá vel, ef eitthvað verður komist áleiðis að því takmarki hér í frumlífinu, og þannig stefnt, að haldið sé áfram uppávið þegar framlífið tekur við. Hinn algerði skilningsskortur á þessu höfuðatriði líffræðinnar er einn af aðalgöllum kristinnar kenningar, og er Swedenborg þar stórum fremri, þó að eigi alllítið þurfi um að bæta, einnig hjá honum. —

Það var nú fyrir Jónas Hallgrímsson alveg útilokað að eignast konu og börn og stofna heimili. Svo alvarlega багаði

fátæktin þennan mikla snilling, að hann varð stundum hreint og beint að svelta, og gat vegna fataskorts ekki heim-sótt menn, sem hann taldi sér þörf á að finna. Það sýnir þrek Jónasar og furðulega eðlisfar, að hann skyldi þó, þrátt fyrir slíkar ástæður, geta unnið merkilegt vísindaverk og ort ljómandi kvæði. En þó hyggt ég, að það verk, sem eftir snillinginn liggur, gefi aðeins mjög ófullkomna hugmynd um það, hversu stórkostlegir hæfileikar hans voru og hvílíkt starf hans hefði orðið, ef hann hefði átt þess kost að njóta sín betur.

IV

Það eru engar ýkjur, þó að komist sé svo að orði, að á því jarðarskipi, þar sem slíkur maður varð að lifa við slíkar ástæður, hafi siglt verið undir merki heimskunnar. Þarna var einn af ágætustu snillingum sinnar aldar. Maður, sem ófæð hefði getað fengið þýðingu fyrir allt mannkyn, og þar með sýnt þýðingu íslensku þjóðarinnar fyrir allt mannkyn, ef aðeins efnahagur hans hefði verið slíkur, og mat samtíðarmanna hans á honum, sem nauðsynlegt var til náms og starfa. En í stað þess, voru ástæður hans löngum því líkari, sem væri hann eitthvert afhrak, er best væri að lifði sem skemmst. Það er þá heldur ekki vafi á því, að hátæktin varð til þess að stytta honum aldur. Og spyrji menn um árangur fávísku slíkrar sem þarna lýsti sér, þá má sjá hann enn. Það má komast að orði eins og þar stendur: Si monumentum quaeris circumspice: viljirðu sjá minningarverk heimskunnar, þá líttu í kringum þig. Evrópa í rústum eins og aldrei áður; meiri skipakosti sökkt á fáeinum árum, en til var á allri jörðinni fyrir aðeins fáeinum áratugum. Það er áreiðanlega ekki af því, að viskan og snilldin hafi verið of mjög í hávegum höfð í þjóðfélögunum, sem svona hörmulega er komið högum mannkynsins.

V

Annar maður en Chamisso, sem vel á við að minnast til samanburðar við Jónas Hallgrímsson, er I. P. Jacobsen

(1847—85); komst hann nokkrum mánuðum skemmra á 38. árið en Jónas. Jacobsen var einn af mestu snillingum danskrar þjóðar, og svo vel að sér í náttúrufræði, að hann ávann sér heiðurspening háskólans úr gulli, fyrir grasafræðiritgerð. Hann hafði mjög mikinn áhuga á kenningum Darwins, og mun hafa verið þeirra helsti formælandi þar í landi. Samdi hann um þær ýmsar ritgerðir, og þýddi tvö aðalrit meistarans; og hefir það verið meir en lítið vanda-verk. Jacobsen var þar að auki framúrskarandi skáld og rit-snillingur. Hefir því verið haldið fram, sem ég hygg rétt vera, að aldrei hafi danska verið rituð af slíkri snilld sem hann gerði. Var það skaði mikill, líkt og um Jónas, að slíkum afburðasnillingi skyldi ekki verða lengra lífs auðið. En báðum mun svipað hafa orðið til heilsutjóns, vosbúð í rannsóknaferðum. Og um fátæktina var nokkuð líkt, þó að ekki sé þess getið, að hinn danski snillingur hafi beinlínis orðið að liða sult sakir féleysis, eins og Jónas. Vér höfum enga lýsingu á íbúð Jónasar í Höfn, en Edvard Brandes, sem þekkti Jacobsen betur og ritað hefir um hann af meiri skilningi heldur en hinn mikli bókmenntafræðingur bróðir hans, lætur lítið yfir íbúð hans og segir, að eitt sætið í herbergi hins mikla fegurðardýrkanda hafi verið ómálaður trékassi.

Það hamlaði mjög gengi Jacobsens, að hann var álitinn algerlega guðlaus. Var á þeim tímum álitíð, að ekki væri nema um tvennt að velja. Annaðhvort það, sem ýmsir voru farnir að telja barnalegar hugmyndir fáfróðra fornaldarmanna um sköpun og stjórn heimsins, eða þá algert trúleysi á æðri verur og nokkurn tilgang heimsins og lífsins. Menn voru ekki farnir að skilja nógu vel, að hin aukna vísindalega þekking á því, sem menn hafa kallað sköpunarverkið, veitir einmitt tryggingu fyrir því, að lífið getur átt stórkostlega framtíð í vændum. Og að vísu er enn um allmikinn skilningsskort að ræða í þessum efnum, og það er ekki langt síðan ég sá í einhverju tímariti komist að orði á þá leið, að sérhver framför í vísindum væri spor í áttina til þess að svipta mannkynið allri von þeirrar tegundar, sem menn hafa byggt á trúarbrögðunum. En þessu fer svo fjarri, að full-

komnari þekking mun veita, ekki einungis von, heldur vissu um fullkominn sigur lífsins — ef rétt er lifað. En hvað sé að lifa rétt, mun einnig verða vitað með vísindalegri vissu.

Svo virðist sem það vonleysi sem þá var álitid sjálfsgöð afleiðing hinnar auknu þekkingar á náttúrunni, hafi aukið mjög á dapurleik ævi Jacobsens, þegar heilsan var farin. Og er ekki ólíklegt, að snillingnum hafi brugðið mjög í brún, þegar „yfirum“ kom. Um Jónas er í þessum efnum öðru máli að gegna. Efasemdir í trúarefnum virðast að vísu hafa sótt á hann um eitt leyti ævinnar, en hann sigrast á þeim, enda ekki til sögunnar komin á hans dögum sú kenning, að mannkynið eigi ætt sína að rekja til apa, en ekki til Adams og Evu. Að vísu hafði hið stórmerkilega rit Lamarcks um uppruna tegundanna (*Philosophie zoologique*) komið út 1809, þegar Jónas var tveggja ára, en þó að þar væri um eina af allramestu merkisbókum 19. aldarinnar að ræða, þá var því lítill gaumur gefinn fyrst í stað, og Jónasi mun það hafa verið alveg ókunnugt. Kemur oss í hug í því sambandi, að eitt það, sem því olli, að ekki urðu full not hinna sjaldgæfu hæfileika Jónasar, var hin ófullkomna menntun, sem Bessastaðaskólinn veitti. Nýju málin voru þar ekki kennd (nema danska). Jónas mun hvorki hafa lesið ensku né frönsku, og líklega ekki verið vel að sér í þýsku heldur. Að öðrum kosti virðist óskiljanlegt, hversu fátæklegt það er, sem Fjölnir flytur af þýðingum. Goethe dó í martsmanuði, sama árið sem Jónas kom til Hafnar, stórsnilldarverkið Vilhelm Meister var til, Fást, vitanlega öll rit Goethe, þessa höfuðsnillings, sem Jónasi virðist hafa svipað svo til um stórkostlega hæfileika: En í stað þess að flytja íslensku þjóðinni eitthvað eftir Goethe, eins snilldarlega þýtt og Jónas einn hefði getað gert, býður fyrsta hefti Fjölnis uppá ævintýrið Eggert glóa eftir Tieck. Ég hefi aldrei haft það af, að lesa ævintýri þetta til enda, svo ómerkilegt finnst mér það, og er þó þýðingin ágæt, líklega eftir Konráð Gíslason. En erfitt er að skilja, hvers vegna slíkt var tekið, þar sem völ var á því, sem var svo óviðjafnanlega miklu betra, og svo miklu meira erindi hefði átt til íslensku þjóðarinnar. Annars tel ég nú vel

farið, að Jónas ritaði sem mest frá eigin brjósti, því að mál-
snilldin kemur best fram í því sem frumhugsað er.

V

Um skáldskap Jónasar hefi ég ekki talað, því að þess ger-
ist engin þörf. Eitt kvæði hans ætla ég þó að nefna, það sem
hann sennilega mundi hafa nefnt Sólarljóð, ef ekki hefði
fornkvæði svo heitið. Sólsetursljóð Jónasar minna mig á hið
dásamlega Ossianslag eftir Gade. Íslensk tónskáld eru nú
farin að færast svo mikið í fang, að gera mætti sér í hug, að
einhvern langaði, þegar vel lægi á honum, til að yrkja lag við
Sólsetursljóðin. Og það er óhætt að gera ráð fyrir, að það
mundi frægt verða, ef vel tækist. —

Að lokum skal svo vikið á enn eitt, sem mér þykir ömur-
legt um ævi Jónasar Hallgrímssonar. En það er að hann
skyldi ekki geta lagt Sigurði Breiðfjörð lið, og látið nokkuð
af maklegu lofi fylgja hinum hörðu orðum í rímnaritgerð-
inni. Og efast ég að vísu ekki eitt augnablik um, að hann
mundi svo gert hafa, ef hann hefði sjálfur lifað við betri efni
og meiri viðurkenningu. En varla er láandi, þó að honum
gremdist, er hann fann, að almenningi þótti Sigurður Breið-
fjörð vera meira skáld en Jónas Hallgrímsson.

EFTIRMÁLI

Tvennt hefir fallið úr hjá mér, sem þó lýtalítið má koma
fyrir í eftirmála.

Annað er að láta í ljósi aðdáun mína á þessum orðum í
kveðju Jónasar til Uppsalafundarins:

Ást mætir ást
og afli safnar
meir en menn viti.

Þegar litið er á þessi orð í ljósi hinnar nýju, íslensku líf-
fræði, mætti láta sér koma í hug, að aldrei hefði nokkurt
skáld látið meira spakmæli frá sér fara en þetta. —

Hitt er athugasemd í sambandi við hinn heimspekilega inngang ritgerðarinnar „Um eðli og uppruna jarðarinnar“. Jónas segir þar af dásamlegri snilld frá sköpunarsögu Platóns, og hefir þar þó líklega farið meir eftir þýðingu en frummálinu, því að hann hefir hjátrúarorðið „andi“ þar sem í grísku Platóns stendur „guðir“ (þeoi).

Ófullnægjandi er það einnig, þegar hann segir það kenningu Platóns, að „réttlátir menn skuli (eftir dauðann) komast í heimkynni stjarnanna“. Því að Platón tekur það beint fram, að það sé til að eiga heima á stjörnu (þar sem lifað sé þannig sem líferni mannsins hér á jörðu hafi verið helst í samræmi við). Og hann segir, að maðurinn fari aftur til stjörnnunnar. Sbr. kenningu Pýþagorasar um að lífið hér á jörðu sé komið frá stjörnunum.

Og of lítið gerir Jónas úr grískri heimspeki, þegar hann segir, að hugmyndir „hins hebreska spekinga“ séu „fegurstar og háleitastar“; því að sannleikurinn er sá, að höfundur 1. Mósebókarinnar hefir verið barn í anda í samanburði við Anaximander, Pýþagoras og Platón.